

Myndin er tekin í gærmorgun á Skaga, þar sem hvalfangarinn liggur fyrir utan. Skipið lengst til vinstri er sá strandaði, en hinir tveir liggja fyrir utan. Bílar björgunarsveitanna eru fremst á myndinni.

— Hvalfangari

Framhald af bls. 32

varnadeildarinnar þar, Bragi Skúlason vakinn upp. Fór sveitin með tæki sín á strandstað og síðan út í hvalfangarann í gúmbát. Var strax hafizt handa um að koma taug á milli hins strandaða skips og hinna hvalfangaranna. Gerðu þeir tvær tilraunir til þess að draga skipið á flot, en báðar mistókust, vírinn slitnaði. Voru tilraunirnar gerðar á morgunflóðinu um klukkan 10 í gærmorgun. Ekki var talið ráðlegt að nota eigin vélarafl skipsins, þar sem það hafði snúizt á strandstað og fyrir framan og aftan það var stórgrýti.

Þegar tilraunir til þess að draga skipið á flot mistókust, bað skipstjórinn á hvalfangaranum um aðstoð Íslendinga og fékk Slysavarnafélagið þá skuttogarann Dagnýju, sem var á Siglufirði, til þess að fara á strandstað og freista þess að ná skipinu á flot. Dagný lagði af stað á strandstað um sex-leytið í gær og kom hún á strandstað um klukkan 21 í gærkvöldi. Var þá enn enginn leki kominn að hinu strandaða skipi og var veður 2 til 3 vindstig af norðvestan og dálítil hreyfing. Um borð í Dagnýju var kafari.

Björgunarsveitin frá Sauðárkróki var enn við strandstað og menn frá henni voru um borð í hvalfangaranum og hjálpuðu áhöfninni til þess að létta skipið og flytja til þungavöru til þess að létta skipið, þar sem það sat fast. Flóð átti að vera klukkan 22:30 og átti þá Dagný að toga í og freista þess að ná skipinu út. Dýpið í kringum skipið var og mælt.

Þess má geta, að Siglufjarðarradíó heyrði aldrei neitt kall frá Norðmönnunum. Í fyrrinótt var símstöðin á Skagaströnd opnuð, svo að unnt væri að hafa samband við bæina nyrzt á Skaga.

— Afli 165 þús.

Framhald af bls. 1

verndi togara innan 50 mílna markanna. Blaðið segir, að ekki sé ljóst hvort það sé varnaraðgerðum landhelgisgæzlunnar að kenna að 170 þúsund tonna markinu var ekki náð. Mikill munur sé á afla á þessum miðum frá ári til árs. Togurunum ætti að hafa gengið vel, því veturinn hafi verið fremur mildur, en ýmislegt bendir til þess að veiðarnar hafi ekki gengið of vel.

The Times segir einnig, að fyrst markinu var ekki náð í ár sé það spursmál hvað gerist næsta vetur. Skipherrar íslenzku varðskipanna hafi látið í ljós efasemdir um að brezku freigátunar geti gefið nægilega vernd í slæmum veðrum. Vegna áreitni og vondra veðra gæti því aflinn minnkað aftur.

Morgunblaðið hafði einnig samband við Jón Olgeirsson, ræðismann Íslands í Grimsby, og spurði hann álits á tölunum, sem Bretar nefna. Jón sagði, að samkvæmt sínum útreikningum ættu þær að vera nærri lagi, hann hefði gert ráð fyrir því, að aflinn yrði einhvers staðar í kringum 160 þúsund tonn.

Fyrsti stjórnarfundur Flugleiða á morgun

FYRSTI stjórnarfundur Flugleiða h.f., hins nýja sameinaða félags Loftleiða og Flugfélags Íslands verður haldinn á miðvikudaginn 1. ágúst kl. 16.00 í Bænda höllinni. „Ég á ekki von á löngum eða ströngum fundi á neinn hátt," sagði Örn Johnson í samtali við Mbl., en hann gegnir störfum stjórnarformanns Flugleiða fyrstu 18 mánuðina. „Það verða tekin fyrir nokkur frumatriði, en ég á ekki von á neinum afgerandi eða stefnumótandi ákvörðunum."

Örn kvað svo líkur á því að annar stjórnarfundur yrði boðaður innan tíðar. Samkvæmt ákvörðun stofnfundar Flugleiða 20. júlí sl. mun hið nýja félag taka við yfirstjórn og eignum flugfélaganna á morgun, 1. ágúst.

Íslenzk frímerkjasýning að Kjarvalsstöðum

ÍSLENZK frímerkjasýning verður haldin að Kjarvalsstöðum dagana 31. ágúst til 9. september til að minnast þess að hundrað ár eru liðin frá útgáfu fyrstu íslenzku frímerkjanna. Sýning þessi verður sú stærsta, sem haldin hefur verið á íslenzkum frímerkjum.

Megintilgangur hennar er að gefa yfirlit um þróun íslenzkra frímerkja síðustu 100 ár. Ennfremur mun hún gefa yfirlit yfir hvernig frímerkjum er safnað.


Póst- og símamálastjórnin skipuleggur sýninguna, og sýnir það merkasta, sem hún á í fórum sínum. Þar ber hæst Hans Hals safnið svonefnda, sem keypt var fyrir 25 árum. Einnig verða á sýningunni valin íslenzk söfn frá póststjórnum Norðurlandanna.

Þá mun þjóðminjasafn Íslands sýna það, sem er varðveitt af íslenzkum frímerkjum, og í sérstakri heiðursdeild verða frímerki þeirra safnara, sem vitað er, að eigi bezt íslenzk söfn.

Í sérstakri deild verða athyglisverðustu söfnin úr samkeppni, sem efnt var til í sambandi við sýninguna. Á hverjum sýningardegi verður sérstök dagskrá, fyrirlestrar og myndasýningar.

Á vegum klúbbsins

ÞESS skal getið að grein Tryggva Þorsteinssonar læknis í sunnudagsblaðinu, um umferðarmál, var birt í blaðinu á vegum klúbbsins Öruggur akstur í Reykjavík, en læknirinn er í stjórn Reykjavíkurdeildarinnar.



Myndin sýnir skurðgröfu af gerð Hymas 72.

Skurðgröfuvélar til Íslands

Skurðgröfuvélar frá norska fyrirtækinu Hymas eru nú væntanlegar á íslenzkan markað innan skamms. Heildverzlunin Hörður Gunnarsson flytur þessar vélar inn, og eitthvað af vélum er nú þegar komið til landsins. Það eru gröfuvélar, sem eru kallaðar Hymas 42, og auk þeirra koma á boðstóla í haust stærri vélar, eða Hymas 72. Meðal nýjunga í útbúnaði vélanna má nefna stereo segulbandstæki, en það mun vera mjög vinsæl breyting. Einnig eru húsin algjörlega hljóðeinangruð.

Hymas er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í N-Evrópu, og árið 1964 var útbú í Svíþjóð stofnað og hafa þessi fyrirtæki lagt undir sig stóran hluta af vinnuvélamarkaðnum í Skandinavíu. Stærstu viðskiptavinirnir eru Ford, Volvo og Ferguson, sem kaupa gröfusamstæður á dráttarvélar, sem þeir framleiða sjálfir, og helztu viðskiptalöndin eru Svíþjóð, Holland, Danmörk, Frakkland og Spánn.

Hólahátíð í fögru veðri

Bæ, Höfðaströnd, 30. júlí.

Hólahátíð var að þessu sinni haldin í sannkölluðu sumarveðri að viðstöddu fjölmenni. Hólar og Hólahátíð seiða til sín fólkið. Hátíðin fór fram samkvæmt áður auglýstri dagskrá. Undir dynjandi klukknahljómi gengu 15 skrýddir prestar í dómkirkjuna, þar á meðal biskup Íslands og vígslubiskup Hólastiftis. Hátíðamessan hófst með forspili og söng kirkjukórs Dalvíkur undir stjórn Gests Hjörleifssonar organ ista. Var söngurinn allur með ágætum, og voru vandsungin lög eins og „Guð hæst í hæðum" og „Heyr himnasmiður" mjög vel sungin. Sr. Harald Hope frá Noregi prédikaði og mælti á íslenzka tungu. Fjórir prestar þjónuðu til skiptis fyrir altari.

Eftir messu var samkoma í kirkjunni, þar sem sr. Árni Sigurðsson, formaður Hólafélags, flutti ávarp. Biskup Íslands flutti ræðu um Hóla og dómkirkju, Hólastað og sögu hans. Þá var almennur safnaðarsöngur, og norsku hjónin Hanna og sr. Harald Hope sungu fyrir samkomugesti. Sr. Sigfús Árnason, Miklabæ, flutti ritningarlestur og bæn.

Áður en Hólahátíð hófst var aðalfundur Hólafélags haldinn. Í stjórn þess félags eru: Margrét Árnason skólastjórafrú sr. Árni Sigurðsson, formaður, sr. Gunnar Gíslason, sr. Bjartmar Kristjánsson, Gestur Þorsteinsson, Sauðárkróki og Gunnar Oddsson, Flatártungu. Verkefni félagsins er að hlúa á allan hátt að Hólastað og skólabyggingu þar og að biskupssetur verði reist á Hólum. Fyrsta verkefnið er að endurbyggja kirkjugarð staðarins og hefur nú fengizt ein milljón kr. til þess verks. Einnig á að hlaða upp Gvendarbrunn. Fjórðungssamband Norðlendinga hefur tekið Hólamál upp á sína arma og hyggst taka það inn í Norðurlandsáætlun.

Móttökur á Hólum voru allar hinar ágætustu.

— Björn.

— Morðið í Lillehammer

Framhald af bls. 1

ur verið neitað um leyfi til að hitta ísraelsku fangana tvo.

Ísraelska stjórnin hefur mótmælt því að mennirnir tveir voru handteknir í íbúð yfirmanns öryggisþjónustu ísraelska sendiráðsins í Osló. Segir hún að þetta sé brot á alþjóðalögum þar sem öryggisþjónustumaðurinn njóti diplomatiskra réttinda. Mótmælin eru þó ekki sérlega harðorð. Í Ísrael draga margir í efa að fangarnir tveir tilheyri ísraelsku leyniþjónustunni og er bent á að morðið hafi verið mjög klaufalega framið.

Ísraelsk yfirvöld neita hins vegar gersamlega að segja nokk urn skapaðan hlut um málið. Norska blaðið Aftenposten telur líklegt að öfgasamtök Gyðinga, sem nefnd eru Jewsih Defense Legue (Varnarsamtök Gyðinga) standi á bak við morðið.

— Athugasemd

Framhald af bls. 5

í krafti atkvæðamagns síns í ráðinu, beita þær sömu svæfingaraðferðum og tillögur okkar um skipulag háskólasvæðisins. Hljót um við því að koma þeim í almenna umræðu meðal stúdenta, m.a. með skrifum í Stúdentablaðið, **áður** en við leggjum þær fyrir Háskólaráð.

Af ofanskráðu er augljóst að við hljótum að starfa áfram að betra fyrirkomulagi á stjórnskipulagi H.Í. sem fælist m.a. í aukinni hlutdeild stúdenta í því.

5) Að lokum látum við í ljós þá von að kennarar **og nemendur** H.Í. beri í framtíðinni gæfu til að leysa ágreiningsmál sín, allavega að þeir skiptist á skoðunum, án stórra orða í blöðum allra landsmanna.

Garðar Mýrdal,
Baldur Kristjánsson.

ALLTAF FJÖLGAR VOLKSWAGEN

VOLKSWAGEN ÞJÓNUSTA

Volkswagen varahlutir tryggja Volkswagen gæði:

Örugg og sérhæfð viðgerðaþjónusta



HEKLA HF.
Laugavegi 170—172 — Sími 21240.

The best entertainment in town:

Light nights

at Hótel Loftleiðir Theatre
Performed in English

FOLK-STORIES
GHOST-STORIES
FOLK-SINGING
LEGENDS
POETRY
RÍMUR.

to-night and tomorrow
at 9.30 p. m.
Tickets sold at
Iceland Tourist Bureau,
Zoëga Travel Bureau and
Loftleiðir Hotel.

Til sölu

skrifstofu, og iðnaðarhúsnæði, 600 ferm. á 2 hæðum. Byggingarréttur á 3ju hæð fylgir.
Frekari upplýsingar veittar í skrifstofunni.

FASTEIGNASALAN,
Laugavegi 18A,
sími 17374,
kvöldsími 42618.